

Alþingi
Erindi nr. P 139/318
komudagur 15.11.2010



BANDALAG ÍSLENSKRA LISTAMANNA
FEDERATION OF ICELANDIC ARTISTS

Minnisblað BÍL til mennta- og menningarmálanefndar Alþingis 15. nóvember 2010

Starfsemi BÍL hefur ekki verið með fastan fjárlagalið en hefur fengið framlag af safnlið 02-999-1.98. Á fjárlögum 2009 var upphæðin 2,3 milljónir króna en 2010 lækkaði hún í 1,8 milljónir eða um rúm 20%. Til að BÍL geti staðið undir lágmarksstarfsemi þyrfti upphæðin að vera 2,3 milljónir.

BÍL vill vekja athygli mennta- og menningarmálanefndar á eftirfarandi:

Það er mikilvægt að standa vörð um sjóði, sem hafa það lögbundna hlutverk að fjármagna verkefni á sviði lista og menningar. Þar er um að ræða m.a. Kvikmyndasjóð, Bókmenntasjóð, Tónlistarsjóð, Starfsemi atvinnuleikhópa og launasjóð listamanna. Á síðasta ári var samningi menntamálaráðuneytis við kvikmyndagerðarmenn kippt úr sambandi og sjóðurinn skorinn umfram aðra sjóði. BÍL telur mikilvægt að samningurinn verði vakinn til lífsins á ný svo áform um stóreflingu kvikmyndageirans geti gengið eftir.

Einnig er mikilvægt að hafa í huga mikilvægi skapandi greina við gjaldeyrissköpun fyrir þjóðarbúið. Það er t.d. mikilvægt að sjóðir á borð við Tónlistarsjóð hafi möguleika á að veita styrki með útflutnings- og þróunaráherslum. Barátta fyrir slíkum áherslum hefur staðið árum saman en ekki skilað árangri sem skyldi.


Stjórn BÍL tekur virkan þátt í starfi Íslandsstofu, sem ætlað er að auka möguleika skapandi greina á erlendum vettvangi, enn er ekki ljóst hvaðan fjármunir til slíkra verkefna eiga að koma. Í því sambandi bendir stjórn BÍL á mikilvægi kynningarmiðstöðva í skapandi greinum; Hönnunarmiðstöð, Kynningarmiðstöð Íslenskrar myndlistar, Kvikmyndamiðstöð, Útflutningsskrifstofu Íslenskrar tónlistar, Íslenska tónverkamiðstöð, Bókmenntasjóð og Sviðslistamiðstöð Íslands sem er í burðarliðnum.

Þá biður BÍL um að endurskoðuð verði sú ákvörðun að hætta stuðningi við verkefnið „Tónlist fyrir alla“ 02-982-1.27. *Verkefnið hefur skilað góðum árangri gegnum tíðina og ef ætlunin er að þróa það áfram, eins og okkur skilst að sé nú rætt um á menningarskrifstofu menntamálaráðuneytis, þá verður það best gert í samvinnu við fagfólkið sem hefur rekið verkefnið en ekki með því að leggja það niður.*

Loks biður stjórn BÍL um að mennta- og menningarmálanefndarmenn hafi í huga hina miklu grósku sem verið hefur í listum og menningu eftir að bankarnir hrundu og kreppa skall á í efnahagslífi þjóðarinnar. Listahátíðir af ýmsu tagi hafa blómstrað og aðsókn á menningarviðburði hefur sjaldan verið meiri (það er að hluta til vegna þess hversu miðaverði er stillt í hóf vegna aðstæðna). Skal í því sambandi sérstaklega bent á þátt danslistarinnar, sem er yngsta listgreinin okkar og nýafstaðna glæsilega alþjóðlega danslistahátíð. Einnig ber að nefna tónlistarhátíðir á borð við Iceland Airwaves, hátíð sem laðar yfir 2000 erlenda gesti til landsins og skilar á annan milljarð í veltu fyrir ferðaþjónustuna á fáeinum dögum.

Virðingarfyllst, f.h. stjórnar BÍL,


Kolbrún Halldórsdóttir



BANDALAG ÍSLENSKRA LISTAMANNA
FEDERATION OF ICELANDIC ARTISTS

Starfsáætlun stjórnar BÍL 2010 - samþykkt á stjórnarfundum 8. feb. 2010

Opinber stefna í menningu og listum, áframhaldandi vinna í samstarfi við Háskólann á Bifröst og menntamálaráðuneytið.

Þjóðhagslegur ágóði listanna, leita leiða til að fá metið framlag listastarfsemi til þjóðarbúsins.

Kjör listamanna; Skattlagning tekna vegna endursölu hugverka, meðhöndlun ríkisskattstjóra á tekjum listamanna og mat skattsins á verktakagreiðslum listamanna

Ímynd BÍL könnuð og viðhorf til þeirra sem starfa innan listgreinanna, ný heimasíða, nýtt lógó.

Sjóræningjastarfsemi á netinu, stuldur hugverka og hvernig gengið er á rétt listamanna. Skoða lagalega stöðu.

Lottómál, þreifa áfram á möguleikum listgreinanna til að eignast hlutdeild í ágóða lottós eða hreinlega stofna nýtt lottó –Lottó listanna.


Fjáröflun til starfsemi BÍL, skoðaðar hugmyndir á borð við hækkun aðildargjalda, hækkun framlaga ríkis og borgar, með endurnýjun samninga.

Greining hagsmuna BÍL og þeirra sem kallast geta hagsmunaaðilar í starfi BÍL.

LOKASKÝRSLA ÞRÓUNARVERKEFNISINS

LITRÓF LISTANNA

Listumenn í skólan



UMSJÓN VERKEFNISINS:

F.h. Bandalags íslenskra listamanna:

Irma Gunnarsdóttir - danshöfundur/listdanskennari, verkefnisstjóri verkefnisins.

Guðrún Ragnarsdóttir - kvikmyndaleikstjóri/listnámskennari.

Hildur Bjarnadóttir - myndlistarmaður tók þátt í undirbúningsferlinu.

F.h. Hlíðaskóla: Anna Flosadóttir - myndlistar- og leiklistarkennari.

EFNISYFIRLIT

SAMANTEKT.....	bls. 3
INNGANGUR – AÐDRAGANDI VERKEFNISINS.....	bls. 4
MARKMIÐ.....	bls. 4-5
LÝSING Á VERKEFNINU,SKIPULAGI ÞESS OG FRAMKVÆMD.....	bls. 5-6
UM LISTVIÐBURÐINA OG LISTAMENN VERKEFNISINS.....	bls. 7-8
SKÓLAHEIMSÓKNIR.....	bls. 9
NIÐURSTÖÐUR OG MAT VERKEFNISINS.....	bls. 9-11
KENNSLUEFNIÐ OG NÝTING ÞESS Í HLÍÐASKÓLA.....	bls. 11-12
NIÐURSTÖÐUR HLÍÐASKÓLA.....	bls. 13-17
FYLGISKJÖL.....	bls. 18
LOKAORÐ.....	bls. 18

SAMANTEKT/ÚRDRÁTTUR

Litróf listanna er þróunarverkefni sem inniheldur verkefnatengda listviðburði í grunnskólum á vegum Bandalags íslenskra listamanna. Samþætting listgreina er í forgrunni verkefnisins og er hugmyndin að ólíkir og þjóðþekktir listamenn leiði saman krafta sína árlega við sköpun og framsetningu listviðburða fyrir nemendur. Þróunarverkefnið er liður í uppbyggilegu listuppeldi á vegum bandalagsins og miðar að því að leita nýrra og skapandi leiða í skólastarfi sem og að kynna fyrir nemendum listamenn og ólíkar listgreinar. Fyrsta skref verkefnisins var stigið í vetur í samstarfi við Hlíðaskóla. Hlíðaskóli var tilraunaskóli fyrir verkefnið en listviðburðir voru einnig í boði fyrir aðra grunnskóla Reykjavíkur.

Ákveðið var að fá grunnskóla til samstarfs við verkefnið með þróun og mótun verkefnisins í huga. Leitast var við að finna nýjar leiðir í kennsluáðferðum og fá með þeim dýpri nálgun á listviðburðina og heimsóknir listamanna. Nálgunin felst í því að vinna lengra með upplifun nemenda af listflutningi og samtali við listamenn, mæta þannig nýjum leiðum í skapandi skólastarfi.

Listir eru síbreytilegar og leita stöðugt á ný mið. Því er mikilvægt að kynna fyrir nemendum hin margbreytilegu form starfandi listamanna út í þjóðfélaginu í dag. Sú upplifun getur ýtt undir skapandi hugsun nemandans sem mikilvægt er að virkja og vinna með sem kveikju að hans eigin sköpun. Tvö þör listamanna tóku að sér að vinna listviðburði fyrir verkefnið í vetur. Valdir voru þjóðþekktir og ólíkir listamenn til starfa þ.e. Lovísa Ósk Gunnarsdóttir listdansari og Edda Björg Eyjólfsdóttir leikkona unnu saman og Ragnar Kjartansson myndlistarmaður og Davíð Þór Jónsson tónlistarmaður mótuðu saman sinn viðburð.

Anna Flosadóttir listgreinakennari við Hlíðaskóla tók saman kennsluefni sem tengdist heimsóknum listamanna og unnu kennarar Hlíðaskóla með efnið í tilraunaskyni í vetur í kjölfar viðburða. Viðburðir urðu þannig kveikjur að skapandi ferli þar sem nemandinn studdist við upplifunina til eigin sköpunar í fjölbreyttum verkefnum.

Irma Gunnarsdóttir verkefnisstjóri skipaður af BÍL sá um mótun verkefnisins og skipulagninu þess. Verkefnið og dagskrá verkefnisins var kynnt fyrir skólastjórnendum í grunnskólum Reykjavíkur í júní og ágúst 2008. Sendar voru fréttatilkynningar til skólana ásamt kynningarbæklingi með dagskrá. Verkefninu var allsstaðar vel tekið og því sýndur áhugi. Skólum gafst kostur á að panta listviðburð til sín gegn vægu gjaldi. Innifalið í gjaldi var meðfylgjandi kennsluefni og voru skólar hvattir til að nýta sér kennsluefnið í kjölfar listviðburðanna.

Opnuð var heimasíða um verkefnið og er slóðin www.bil.is/litrof. Guðrún Ragnarsdóttir hefur haft veg og vanda að gerð heimasíðunnar og hefur hún einnig séð um hönnun á öðru kynningarefni verkefnisins s.s. hönnun á lógói og bæklingi.

Óhætt er að fullyrða að verkefnið Litróf listanna hefur farið vel af stað. Markmið verkefnisins eru bæði göfug og margvísleg en eitt af meginmarkmiðum var að koma á auknu samstarfi milli listamanna og skóla. Það hefur tekist og eru niðurstöður verkefnisins mjög jákvæðar, þroskandi og ánægjulegar fyrir alla aðila sem að verkefninu komu.

INNGANGUR – AÐDRAGANDI VERKEFNISINS

Undirbúningur verkefnisins hófst í október 2007. Í kjölfar árangursríkra verkefna eins og Tónlist fyrir alla og Skáld í skólum, kvíknaði sú hugmynd hjá forsvarsmönnum BÍL að bæta við fleiri og fjölbreyttari listviðburðum í hópinn. Eitt af stefnumálum Bandalags íslenskra listamanna er að stuðla að listuppeldi í skólum og er verkefnið liður í því. Fyrir tilstilli Margrétar Bóasdóttur þáverandi ritara og framkvæmdastjóra BÍL og Ágústar Guðmundssonar forseta bandalagsins var boðað til umræðufundar um málið. Boltinn valt upp á sig og verkefnið tók að mótast. Undirbúningsfundir urðu 5 talsins á tímabilinu október 2007 – apríl 2008.

Nefnd var skipuð og var Irma Gunnarsdóttir skipaður verkefnisstjóri verkefnisins. Hún tók saman hugmyndavinnu frá undirbúningsfundum og hannaði verkefnið út frá hugmyndum fundanna, útbjó styrkumsóknir og sótti um styrki í ýmsa sjóði. Í byrjun árs 2008 fengust styrkir í verkefnið og því ákveðið að hefja framkvæmd. Verkefnið var þá orðið nokkuð mótað og markmiðin skýr.

MARKMIÐ

Ávinningur í skólastarfi

Upplifun af heimsóknnum og listviðburðum listamanna mun eflaust virkja nemendur á margan hátt og eru markmið verkefnisins göfug og margvísleg. Má þar nefna eftirfarandi:

- ✓ Vekja áhuga nemenda á listum og listnámi.
- ✓ Efla skapandi hugsun og ýta um leið undir eigin sköpun nemenda.
- ✓ Skemmtileg upplifun sem brýtur upp hefðbundið skólastarf.
- ✓ Víkka sjóndeildarhring nemenda og vekja forvitni og spurningar um viðfangsefnið list.
- ✓ Verkefnið leitast við að varpa ljósi á tengsl listarinnar við menningu, umhverfið, sjálfsmynd einstaklings og sjálfsþekkingu.
- ✓ Ný tækifæri skapast í skólastarfi. Möguleikar verkefnisins með tilliti til þróunar í kennslu og skapandi starfi með nemendum er margþættur.
- ✓ Listir sem áhugamál hafa ótvíræð forvarnargildi. Ef tekst að glæða áhuga nemenda á listnámi er það mikill ávinningur, bæði fyrir viðkomandi og samfélagið. Þarfir nemenda eru mismunandi, meðan margir finna sig í íþróttastarfi þá eiga listir og skapandi starf meira erindi til annarra.
- ✓ Í nútíma þjóðfélagi þar sem áreiti, mötun og offlæði er það sem nemendur búa við er mikilvægt að hjálpa þeim að finna aðferðir til að greina skapandi listform frá yfirborðskenndri sölumennsku.

Ávinningur fyrir listgreinar og listamenn

- ✓ Verkefnið er kynningarstarfsemi á fjölbreytileika listgreina og hvernig þær skarast og vinna saman.
- ✓ Verkefnið vekur athygli á störfum listamanna og listgreinum þeirra.
- ✓ Hér gefst listamönnum tækifæri á að kynna nýjum flötum á starfi sínu í samstarfi við ólíka listamenn í umhverfi sem þeir eru óvanir að vinna í. Verkefnið er því bæði gefandi og þroskandi fyrir listamenn sem að verkefninu koma.
- ✓ Hér er um nýjan starfsvettvang að ræða sem listamenn geta nýtt sér til uppeldis og kynningarstarfs á listgrein sinni í skapandi og þroskandi umhverfi.
- ✓ Listir hafa marga snertifleti. Það er mikill ávinningur ef störf listamanna verða til þess að opna nýjar leiðir í skólasterfi.
- ✓ Aukinn áhugi og vakning hjá börnum og unglingum getur skilað meiri aðsókn í listnám og á listviðburði til framtíðar. Fleiri listneytendur efla hagkerfi listanna.

LÝSING Á VERKEFNINU,SKIPULAGI ÞESS OG FRAMKVÆMD

Verkefnið veitir nemendum innsýn í störf og heim listamanna með fjölbættum uppákomum sem kanna nýjar víddir í listsköpun. Listir eru síbreytilegar og leita stöðugt á ný mið. Því er mikilvægt að kynna fyrir nemendum hin margbreytilegu form starfandi listamanna út í þjóðfélaginu í dag. Sú upplifun getur ýtt undir skapandi hugsun nemandans sem mikilvægt er að virkja og vinna með sem kveikju að hans eigin sköpun.

Þjóðþekktir listamenn valdir til starfa

Listamenn í verkefnið voru valdir af undirbúningsnefnd verkefnisins í samráði við forseta BÍL.

Ákveðið var að leita til þjóðþekkttra listamanna til samstarfs við verkefnið.

4 ólíkir listamenn urðu fyrir valinu, fulltrúar listgreinanna listdans,leiklist,myndlist og tónlist. Mótaðir voru tveir listviðburðir og unnu listamennirnir tveir og tveir saman.

Listamenn verkefnisins fengu frjálstar hendur við mótun listviðburðanna. Listviðburðirnir áttu að veita innsýn í samstarf ólíkra listamanna, hugmyndavinnu þeirra og listsköpun. Lengd listviðburða og spjall við nemendur miðaðist við eina kennslustund þ.e. 40 mínútur.

Samstarf við grunnskóla

Leitað var til Hlíðaskóla með samstarf í huga vegna þróunarverkefnisins en skólinn hefur verið móðurskóli í listum undanfarin ár. Samstarfið fólst í þróun og mótun verkefnisins með tilliti til nýjunga og þarfa í skólasterfi.

Listgreinar hafa í gegnum tíðina unnið saman og stutt hver aðra í leiksýningum, þemaverkefnum og allskonar uppákomum í skólanum. Verkefnið **Litróf listanna** kynnir ólíka sýn á viðfangsefnið list og listsköpun úti í þjóðfélaginu þar sem samþætting listgreina er í forgrunni og þar sem ólíkir listamenn leiða saman krafta sína. Því hentaði verkefnið vel sem kveikja fyrir þær samþættingaaðferðir sem viðhafðar eru við verkefnatengda vinnu í skólanum og einnig sem kveikja að nýjum leiðum í skólastarfi.

Anna Flosadóttir listgreinakennari við Hlíðaskóla tók saman kennsluefni sem tengdist heimsóknum listamannanna og unnu kennarar Hlíðaskóla með efnið í tilraunaskyni í vetur í kjölfar viðburða. Viðburðir urðu þannig kveikjur að skapandi ferli þar sem nemandinn studdist við upplifunina til eigin sköpunar í fjölbreyttum verkefnum.

Kynning á verkefninu

Verkefnið og dagskrá verkefnisins var kynnt fyrir skólástjórnendum í grunnskólum Reykjavíkur. Sendar voru fréttatilkynningar til skólana ásamt kynningarbæklingi með dagskrá. Irma Gunnarsdóttir ásamt Guðrúnu Ragnarsdóttur heimsóttu í kjölfarið yfir 20 grunnskóla í Reykjavík og spjölluðu um verkefnið við skólástjórnendur. Skólum gafst kostur á að panta listviðburð gegn vægu gjaldi sem var 30.000 kr. fyrir hvorn viðburð.

Heimasíðan - vorönn 2009

Opnuð var heimasíða um verkefnið og er slóðin www.bil.is/litrof. Guðrún Ragnarsdóttir hefur haft veg og vanda að gerð heimasíðunnar og hefur hún einnig séð um hönnun á öðru kynningarefni verkefnisins s.s. hönnun á lógói og bæklingi. Heimasíðan er einföld og aðgengileg, hún veitir upplýsingar um dagskrá og verkefnið í heild sinni. Til stóð að bjóða verkefnið áfram á vorönn og var verkefnið auglýst að nýju. Sendur var út fjöldapóstur á grunnskóla Reykjavíkur og vakin athygli á heimasíðunni. Skólum var bent á að hafa samband ef áhugi myndi kvikna fyrir heimsókn. Viðtökur voru dræmar, reikna má með að kreppuástandið hafi bitnað á verkefninu, skólum er gert að spara.

Framkvæmd

Til að vanda framkvæmd verkefnis var lögð áhersla á góða undirbúnings- og skipulagsvinnu. Umgjörð verkefnis var unnin í samstarfi við grunnskóla þar sem tekið er tillit til nýjunga og þarfa í skólastarfi. Verkefnisstjóri vann að framgangi og umgjörð verkefnisins ásamt samstarfshópi.

Listviðburðirnir voru aðgengilegir í uppsetningu. Flutningur fór fram á sviði eða í sal með einni undantekningu þ.e. í Tjarnarskóla fór viðburður fram í kennslustofu fyrir einn bekk. Nemendafjöldi var annars á bilinu 2-4 bekkir í einu (40 – 90 nem.).

Þeir skólar sem þöntuðu listviðburð fengu meðfylgjandi kennsluefni sér að kostnaðarlausu. Skólástjórnendur voru hvattir til að kynna kennsluefnið fyrir kennurum sínum og kennarar voru hvattir til að nýta sér kennsluefnið í tengslum við viðburðina.

UM LISTVIÐBURÐINA OG LISTAMENN VERKEFNISINS

ABERCROMBIE

Þær Edda Björg og Lovísa Ósk kynntu fyrir nemendum dansleikhúsförmið og fluttu frumsamið verk. Verkið var nefnt eftir merkjavörðunni ABERCROMBIE og snéri það að sjálfsmynd unglunga og tískunni. Fléttað var saman nútímadansi og leiklist og sýndu listakonurnar nemendum fimm mismunandi aðferðir á túlkun og útfærslu verksins. Nemendur fengu þannig innsæi í vinnuaðferðir dansara og leikara og hvernig áherslur verksins breyttust eftir því hvaða útfærslur voru notaðar. Áhrif verksins og upplifunin var mjög mismunandi eftir því hvernig samspili texta og líkamshreyfinga var útfært. Tilraunagleði einkenndi samstarf Eddu Bjargar og Lovísu og komu mismunandi útgáfur á verkinu nemendum skemmtilega á óvart.



Að loknum flutningi héldu Edda Björg og Lovísa stutta kynningu á sjálfum sér. Þær sögðu nemendum frá menntun sinni og starfi og nemendum gafst kostur á að spyrja þær um störf þeirra og bakgrunn. Umræður hófust um verkið ABERCROMBIE og aðferðirnar sem notaðar voru við mismunandi útfærslur á verkinu. Í tveimur skólum vannst að auki tími til að gera smá tilraun með nemendum. Nemendum var gefin kostur á að fikta sjálf við dansleikhúsförmið. Nemendur glímdu við leikræna útfærslu á textabroti úr vísunni *Fyrr var oft í koti kátt*. Edda Björg og Lovísa skiptu nemendum í smærri hópa. Hver hópur gerði eigin tilraun á textaflutningi með einföldum líkamshreyfingum og sýndu hóparnir að lokum hver sína útfærslu þ.a. allir hópar gátu séð afrakstur hinna.

Leikkonan Edda Björg Eyjólfsdóttir steig sín fyrstu skref á sviði hjá Leikfélagi MH í Rocky Horror. Í framhaldinu nam hún við við Leiklistarskóla Íslands þaðan sem hún lauk prófi árið 1998. Síðan hefur Edda leikið fjölda hlutverka hjá ýmsum leikhúsum, í útvarpi, sjónvarpi og í kvikmyndum. Má þar nefna í kvikmyndinni Mávahlátur og í hinum vinsælu sjónvarpsþáttum Svínasúpan og Stelpurnar.

Dansarinn Lovísa Ósk Gunnarsdóttir stundaði nám við Jazzballettskóla Báru frá 1980 – 1998. Hún hélt síðan til Stokkhólms í framhaldsnám við Ballettakademiuna í Svíþjóð og útskrifaðist þaðan árið 2002. Lovísa starfar sem dansari hjá Íslenska dansflokknum og hefur dansað í flestum verkum flokksins undanfarin ár. Lovísa hefur einnig starfað sem danshöfundur, hún hefur leikið í sjónvarpsþáttum og tekið þátt í nokkrum söngleikjum. Þá er hún gestakennari hjá Danslistarskóla JSB og löggiltur leiðsögumaður.

POPP OG KÓK...

Listupplifun með Ragnari Kjartanssyni myndlistarmanni og Davíði Þór Jónssyni tónlistarmanni. Listamennirnir gáfu nemendum innsýn í líf sitt og störf og fengu nemendur að kynnast samstarfi þeirra og því hvernig listgreinarnar tónlist og myndlist geta unnið saman.



Hér var um lífflegan viðburð að ræða sem var í boði fyrir nemendur á miðstigi og efsta stigi. Viðburðurinn hófst á myndsjóningu með skjávarpa og listamennirnir kynntu sig. Myndefnið var fjölskrúðugt og hélt Ragnar stutt ágríp um myndefnið og ítrekaði að allt má í listum, ekkert er bannað. Myndlistin í dag er mjög fjölbreytt. Sem dæmi um fjölbreytileika sýndi Ragnar nokkur myndbrot og myndbandsverkið „Dauðinn og börnin“ við góðar undirtektir. Myndbandsverkið fékk nemendur til að hlæja og skemmtu krakkarnir sér vel.

Ragnar sýndi svipmyndir frá gjörningi sem hann gerði í eyðibýli út á landi og talið barst að samstarfi hans við tónlistarmanninn Davíð Þór Jónsson. Davíð spilaði á píanó og Ragnar söng vel valda óperutóna. Davíð tók við spjallinu og kynnti sig. Hann sýndi nemendum nokkur myndbrot sem vörpuðu ljósi á fjölbreyttan tónlistarferil hans. Davíð Þór og Ragnar sögðu frá samstarfi sínu á Ítalíu sumarið 2008 þar sem þeir unnu saman að gjörningalist. Samstarf þeirra þróaðist og varð uppspretta að myndbands- og tónlistarverkinu GUÐ. Ragnar og Davíð Þór spjölluðu við nemendur um aðdraganda og efni verksins og sýndu þeim verkið. Eftir fjölbreytta myndsjóningu og spjall gafst nemendum tækfæri á að spyrja spurninga. Nemendur spurðu mjög mikið og umræður um verkin og samstarf listamannanna voru lífflegar.



Myndlistarmaðurinn Ragnar Kjartansson er fæddur 1976. Hann er getinn á tókustað kvikmyndarinnar “Morðsögu”, í ástaratriði þar sem móðir hans leikur einmanna húsmóður og faðir hans pípuþingarmann sem kemur að gera við uppþvottavélina. Þannig að strax frá upphafi hefur Ragnar verið umkringdur leiklist og leikurum, brellum og skemmtanaíðnaði sem eru grunnstoðir myndlistar hans. Ragnar útskrifaðist úr Hússtjórnarskólanum í Reykjavík 1997 og frá Listaháskóla Íslands 2001. Í list sinni vinnur Ragnar jafnt í gjörninga, myndbandsverk, málverk og skúlptúr. Ragnar hefur einnig starfað í tónlist með hljómsveitum eins og Kanada, Funerals og Trabant. Ragnar var fulltrúi Íslands á Fenejartværingnum 2009.

Tónlistarmaðurinn Davíð Þór Jónsson er fæddur 1978 á Seyðisfirði. Hann hefur frá blautu barnsbeini hneigst til tóna og hljóða af öllum stærðum og gerðum. Fór að leika á píanó 9 ára gamall, svo fylgdu önnur hljóðfæri í kjölfarið venjuleg sem óvenjuleg. Davíð útskrifaðist frá Tónlistarskóla FÍH vorið 2001 með láði. Hann hefur gert tónlist og hljóðmyndir fyrir fjölmargar leiksýningar, notað krafta sína til að tónsetja útvarpsleikrit, styttri og lengri sjónvarpsverk, samið tónlist fyrir dansverk og spilað inn á fjölda hljómplatna. Spuni og uppfinningasemi hefur hann í fyrirrúmi þar sem allt er leyfilegt og hvergi eru svo há grindverk að ekki sé hægt að skjótast óríltið útfyrir og sækja hið óræða.

SKÓLAHEIMSÓKNIR

Í ágúst og september 2008 heimsóttu Irma Gunnarsdóttir og Guðrún Ragnarsdóttir 22 grunnskóla í Reykjavík og kynntu verkefnið fyri skólastjórum og aðstoðarskólastjórum. Var þeim vel tekið. Flestir sýndu verkefninu áhuga en ekki höfðu allir skólar tök á að bjóða nemendum sínum uppá listviðburð að þessu sinni. Ástæður voru einkum þær að búið var að leggja niður dagskrá vetrarins og sögðu stjórnendur að erfitt væri að taka verkefnið inn með svo stuttum fyrirvara. Úr varð að 10 skólar ákváðu að vera með og fá listamenn í heimsókn á haustönn. Vegna skipulags og fleiri þátta varð því miður að hætta við heimsóknir til þriggja skóla. T.d. afpantaði Ártúnsskóli listviðburð vegna aðhaldsaðgerða í fjármálum og virðast skólar hafa lítil fjárráð. Best væri ef hægt væri að bjóða verkefnið Litróf listanna án kostnaðar fyrir skólana.

Eftirtaldir skólar voru heimsóttir af listamönnum verkefnisins:

Austurbæjarskóli, Álftamýrarskóli, Hagaskóli, Hlíðaskóli, Hvassaleitisskóli, Tjarnarskóli og Víkurskóli.

NIÐURSTÖÐUR VERKEFNISINS

- 11 listviðburðir voru fluttir í 7 grunnskólum í Reykjavík á haustönn og voru viðtökur við heimsóknum listamanna framar vonum.
- Það er þörf á skapandi vinnuaðferðum í skólastarfi og það hefur komið í ljós að listamenn eru vel til þess fallnir að opna nýja möguleika í því samhengi. Nýta má vinnuaðferðir listamanna og innsæi þeirra sem hugmyndakveikjur til þróunar í kennsluaðferðum.
- Í samtölum við skólastjóra kom fram að kennarar eru misvel í stakk búnir til að leiða skapandi verkefnavinnu í skólum. Kennurum skortir oft hugmyndaauði til að gera kennsluna meira lifandi og getur verkefni sem þetta því reynt góður stuðningur og haft jákvæð áhrif á störf kennara.
- Kennarar voru þakklátir fyrir að fá kennsluefni tengt viðburðunum og sýndu því áhuga.
- Margir kennarar sýndu kennsluefninu áhuga og töldu að efnið myndi eflaust koma sér vel. Kennarar voru samt ekki vissir um hvort þeir myndu nýta kennsluefnið í kjölfar viðburða að þessu sinni en þeir myndu örugglega skoða möguleika þess og jafnvel nýta það að einhverju leiti síðar.
- Það kom í ljós að umræðurnar voru liflegri með eldri nemendum þ.e. í 9. og 10. bekk. Nemendur í 7. og 8. bekk spurðu færri spurninga og virtust hlédrægari.
- Þess má geta að nemendur könnuðust vel við Eddu Björg, flestir tengdu hana við skjáinn og hlutverk hennar í sjónvarpsþáttunum Stelpurnar. Sumum nemendum fannst eins og þeir þekktu hana þó þeir gerðu það auðvitað ekki.

- Nokkrir nemendur könnuðust við Lovísu Ósk af skjánum, sögðust muna eftir henni í sjónvarpsþættinum Kalla kaffi. Enn aðrir þekktu til hennar í gegnum danskennslu við Danslistarskóla JSB eða höfðu séð hana í danssýningum hjá Íslenska dansflokknum.
- Nemendur virtust ekki kannast mikið við Ragnar né Davíð Þór en nemendur urðu margs vísari við að fá þá í heimsókn og fengu mikinn áhuga á þeim og störfum þeirra í kjölfarið 😊
- Af ofangreindu má draga þá ályktun að nemendur horfa greinilega á íslenskt leikið efni í sjónvarpi en virðast ekki fara mikið á myndlistarsýningar ná á tónleika eða í leikhús.

MAT Á VERKEFNINU

Við mat á verkefninu er einkum tekið mið af því hvernig og hvort heimsóknir listamanna höfðu áhrif á skólastarfið í Hlíðaskóla sem og í öðrum skólum sem heimsóttir voru.

- Skólastjórnendur lýstu allir yfir ánægju á þessu nýja framtaki BÍL. Þeir lýstu yfir mikilli þörf á verkefni sem þessu.
- Mikil ánægja var með frammistöðu listamanna í þeim skólum sem heimsóttir voru og var einróma álit kennara og skólastjórnenda að hér væri um vandað og þarft verkefni að ræða.
- Þróunarverkefnið Litróf listanna skilaði margvíslegum niðurstöðum. Þau markmið sem lagt var upp með í upphafi hafa vissulega náðst en ekki er nóg að bjóða uppá verkefni af þessu tagi einungis einu sinni. Það má líta á þennan áfanga sem mótandi upphaf.
- Æskilegt væri að verkefnið Litróf listanna fengi að festa sig í sessi næstu árin, fengi að mótast í takt við nýjar leiðir í skapandi skólastarfi. Markvissari og lengri þróun á verkefninu væri æskileg.
- Markmið verkefnsins eru þess eðlis að árangurinn verður markvissari og sýnilegri með lengra þróunarferli.
- Það væri spennandi að þróa verkefnið áfram sem fastan lið í kennslu t.d. fyrir nemendur í efstu bekkjum grunnskóla í samstarfi við kennara í listgreinum og lífsleikni.
- Listamönnunum fannst vinnan við verkefnið mjög gefandi.
- Viðbrögðum nemenda við skólaheimsóknum voru mjög jákvæð. Nemendum gafst færi á að ræða við listamennina og fá innsæi í þeirra heim. Samtal listamanna og nemenda var bæði fróðlegt og skemmtilegt og að auki gagnlegt vegna úrvinnslu á verkefnum í skólanum og á þróunarverkefninu sjálfu.

- Það kom í ljós að betra er að framkvæma listviðburðina fyrir fámennari hópa. Einnig virðist vera betra að framkvæma viðburði í minna rými en stærra. Sem dæmi má nefna heimsókn Eddu Bjargar og Lovísu Óskar í Tjarnarskóla. Viðburðurinn fór fram í kennslustofu með um 20 nemendum og fengu bæði nemendur og listamenn mikið útúr heimsókninni. Upplifunin var sterkari í þessu návígi við nemendur og umræður voru afslappaðri.
- Upplifun listamanna af verkefninu er mjög jákvæð. Listamenn hafa sannfærst enn frekar um mikilvægi verkefnisins og þau gildi sem verkefnið stendur fyrir.
- Heimsóknir listamanna í skólana höfðu jákvæð áhrif sem upplifun fyrir nemendur og kennara í öllum þeim skólum sem heimsóttir voru og þær höfðu jákvæð áhrif á verkefnavinnu í Hlíðaskóla.

KENNSLUEFNIÐ OG NÝTING ÞESS Í HLÍÐASKÓLA

Hlíðaskóli leggur áherslu á að kynna fyrir nemendum menningu og listir, bæði hin hefðbundnu form og einnig margbreytilegar aðferðir sem listamenn tileinka sér. Skólinn leitast við að bjóða nemendum sínum upp á fjölbreyttni í verkefnavali sínu og hvetur þá til að samþætta og gera tilraunir í skapandi verkefnum.

Markmið skólans sem þátttakanda í verkefninu voru eftirfarandi:

- *Að vinna áfram með þær hugmyndir sem kvikna eftir heimsóknir listamanna.*

Eftir að nemendur höfðu séð viðburð listamanna fengu þeir tæfæri til að spyrja spurninga og velta upp hugmyndum. Eftir að listamennirnir höfðu lokið heimsókninni skráðu nemendur á minnisblað sem fylgir kennsluefninu einfalda upplifun sína. Þegar kennarar fóru síðar í nánari vinnu með viðburðurinn sem kveikju var spurningalistinn tekinn fram til stuðnings fyrir nemandann.

- *Að vekja áhuga nemenda á listum*

Verkefnin unnin eftir kennsluefninu voru í eftirfarandi námsgreinum:

Lífsleikni

Lífsleiknikennarar voru ánægðir með kveikjurnar í verkefninu:

Að vekja áhuga – umræður. Hvað er listamaður?

Út frá því sköpuðust skemmtilegar og spennandi umræður sem dýpkuðu skilning nemenda á hugtakinu listir. Einnig virtist áhugi nemenda í 10. bekk á starfskynningum tengdum skapandi vinnustöðum eftirsóknarverðari.

Íslenska

Íslenskukennarar í 10. bekk unnu með nemendum sínum út frá verkefninu: *Starfandi listamenn*. Kennsluefnið var notað og verkefni unnin í samræmi við það. Úrlausnir voru mismunandi verkefni nemenda unnin út frá Gísla sögu Súrssonar. Nemendur máttu velja hvort þeir unnu saman í hópum eða sem einstaklingar.

Verkefnin voru mjög fjölbreytt.

Dæmi:

Leiksýning

Myndlistarsýning

Teiknimyndasaga

Stuttmyndir:

Leiknar myndir, teiknimyndir og hreyfimynd þar sem m. a. allt var unnið úr legókubbum bæði leikmynd og persónur.

Þessi verkefni tókust mjög vel en sýndu jafnframt fram á mikilvægi þess að kennarar hafi skapandi hugsun og nái að virkja nemendur sína. Það er forsenda þess að verkefnin virki og vel takist til.

Listgreinar

Verkefni voru unnin í eftirfarandi listgreinum: Myndlist, leiklist, textil og tónmennt. Unnið var beint eftir kennsluleiðbeiningunum bæði við verkefni nemenda ásamt umfjöllun um viðburðinn þar sem talað var um listamennina og mismunandi vinnuaðferðir þeirra.

- *Að kynna fyrir nemendum starfandi listamenn, vinnuaðferðir þeirra og verkefni.*

Til að kynna nemendum listamenn og vinnuaðferðir þeirra eru að okkar mati bestu kostirnir að fá listamenn í heimsókn eða að heimsækja listamenn. Þessar aðferðir kalla á fyrirhöfn og peningaútlát. Margir leysa málið með því að sýna nemendum dvd myndir og verk fengin á Internetinu. Það er auðvitað ágætt en við þurfum að gefa nemendum tækifæri til að upplifa og finna án þess að bein mötun eigi sér stað. Fyrir nemendur verða sýningar í sjónvarpstæki sífellt minna áhugaverðar.

- *Að styrkja og kenna nemendum aðferðir til að virkja eigin hugmyndir.*

Viðburður eins og Litróf listanna þar sem mismunandi listamenn heimsækja skólana er afar skemmtileg og spennandi viðbót við skapandi skólastarf. Ungir framsækni listamenn geta orðið nemendum jákvæð fyrirmynd þar sem þeim er meðal annars sýnt fram á mikilvægi þess að vera sjálfstæður og laus við fordóma í skapandi vinnu. En ef vel tekst til er svona uppbot í skólastarfi nauðsynlegt og getur orðið kveikja að mörgum skemmtilegum og fræðandi upþákomum, eins og til dæmis þemadögum.

NIÐURSTÓÐUR HLÍÐASKÓLA

Viðburðurinn Litróf listanna var skemmtileg viðbót við skólastarfið í vetur. Við gerðum tilraun með að bjóða 7. bekk og 10. bekk upp á viðburðina .

10.bekkur : POPP OG KÓK var í boði fyrir nemendur. Sýningin fór fram á sal skólans og áhorfendur voru um það bil sextíu. Nemendur voru afar móttækilegir fyrir viðburðinum og höfðu ánægju af því sem þar fór fram. Þeir tóku þátt í umræðum að viðburði loknum og sýndu listamönnunum mikinn áhuga. Þeir unnu áfram með viðburðinn í íslensku og bókmenntum þar sem útgangspunkturinn var Gísla saga Súrssonar.


7. bekkur: ABERCROMBIE var sýnt nemendum. Sýningin fór fram á sal skólans og voru áhorfendur tæplega sjöttíu. Nemendur virtust koma inn á viðburðinn fullvissir þess að þeir ættu að fá skemmtikrafta til að hafa ofan af fyrir sér. Margir urðu óöruggir þegar í ljós kom að þeir áttu að vera þátttakendur í uppákomunni. Þarna kom mjög vel fram ótti margra á þessum aldri við að skera sig úr og að falla ekki inn í hópinn. Þetta var áhugaverð upplifun á viðburðinum og kærkomið tækifæri til umfjöllunar í lífsleikni. Á könnunarblaðinu sem nemendur fengu eftir sýninguna kom þó fram að þeim hafi þótt viðburðurinn spennandi og skemmtilegur. Nemendur unnu áfram með Litrófið í lífsleikni og listasmiðju.

Verkefnið Litróf listanna var góð viðbót við þær áherslur sem fyrir voru í skólanum og gerðu kennarar tilraunir með kennsluefni það sem í pakkanum var. Kennarar voru almennt ánægðir með efnið og unnu verkefni tengd því. Það er þó ljóst að ekki eru allir kennarar jafn tilbúnir til að vinna áfram með listviðburðinn og kennsluefnið og kemur það ekki á óvart. Að mati okkar í Hlíðaskóla er mjög eftirsóknarvert fyrir skólastarfið að starfandi listamenn heimsæki grunnskólann. Niðurstaða okkar er sú að þróa mætti og útvíkka nokkrar mismunandi útfærslur á heimsóknunum.


- Listamenn heimsæki skólana með viðburði og spjall við nemendur. Gert væri ráð fyrir eftirfylgni af hálfu kennara í daglegu skólastarfi þar sem hann útvíkkaði viðburðinn með nemendum sínum og notaði m.a. kennsluefni Litrófsins.
- Listamenn heimsæki skólana kynni sig og list sína með viðburði og spjalli við nemendur. Ekki væri gert ráð fyrir eftirfylgni af hálfu kennara.
- Listviðburður þar sem gert væri ráð fyrir áframhaldandi vinnu kennara og nemenda, til dæmis þemadögum eða öðrum ákveðnum uppákomum.
- Heimsóknir þar sem listamenn settu fram lítil námskeið eftir viðburðinn þar sem nemendur fengju að reyna sig og gera smá tilraunir með viðkomandi listamanni.

Það er von okkar í Hlíðaskóla að Litrófið fái áfram að vaxa og dafna. Þá munu nemendur fái tækifæri til að upplifa og njóta ásamt því að fá örlitín skilning á manneskjunni sem leynist bak við þjóðþekktu listamanninn.

Dæmi um nokkur verkefni unnin eftir heimsókn listamanna




Hver er ég – hvað er ég?





Tilfinningar mínar

Verkefni unnin eftir viðburðinn:
ABERCROMBIE - 7.Bekkur
Gíslasaga Súrssonar - 10. Bekkur



Þekktir Hollywood – leikarar
settir í hlutverk persóna í
Gíslasögu.

Verkefni unnið eftir viðburðinn: Popp og kók



Teiknimyndasaga unnin eftir viðburðinn:

Popp og kók

Bókin var unnin sem lokaverkefni í íslensku og myndlist. Sagan var 16 bls.



GÍSLI DREPUR

ÞORGRÍM

1. mynd: Gísli segir Anði að hida sin með
ólæstar dyr meðan hann fer að gefa
hesti Þorkels matna.

2. mynd: Gísli hlýpar á Svoból og bindur
karkann á karkann samman.

3. mynd: Einn vinnubroddur stekkur
þrjú hjóla.

4. mynd: Gísli stíngar Þorgrím til harna
með spjóttum karkann.

Myndverk unnið eftir
viðburðinn: *Popp og kók*

Kennsluleiðbeiningar í
Gíslasöguverkefnum:
Starfandi listamenn

FYLGISKJÖL

- Kennsluefni sem mótað var með tilliti til Litrófsins og þarfa í kennslu.
- Heimasíðan www.bil.is/litrof
- Grunnskólar Rvk. – Vinnuskjal í tengslum við fréttatilkynningar
- Fréttatilkynning sem send var á grunnskóla Reykjavíkur í júní og síðan aftur í ágúst.
- PDF – kynningarbæklingur verkefnisins. Bæklingur var hannaður að vori og sendur út í júní og ágúst. Ath! um mánaðarmótin ágúst/september urðu breytingar á listviðburðinum POPP OG KÓK. Vegna óviðráðanlegra aðstæðna sem upp komu gat Reynir Lyngdal kvikmyndaleikstjóri ekki tekið verkefnið að sér. Davíð Þór Jónsson tónlistarmaður kom til samstarfs við verkefnið í hans stað.
- Sýningarplan verkefnisins á haustönn 2008.

LOKAORÐ

Fyrstu skref í þróun verkefnisins Litróf listanna hafa farið vel af stað að mati okkar sem að verkefninu stóðu. Vinnan við þróun og mótun verkefnisins var krefjandi en skemmtileg. Það er gefandi að sjá afrakstur vinnunnar birtast þegar árangurinn er góður. Samstarf listamanna og skóla gekk einstaklega vel og sýnir svo ekki sé um villst að verkefni sem þetta er vænlegt til árangurs í víðtæku samhengi. Undirrituð þakkar öllum þeim sem lögðu sitt á vogarskálarnar í þessum fyrsta áfanga Litrófsins fyrir frábært og gefandi samstarf. Það fer vel að ljúka þessari lokaskýrslu á orðum forseta bandalagsins.

Um Litróf listanna

Sagt er að 21. öldin verði öld nýsköpunar. Það er því víðar en í listalífinu sem kallað er eftir frumlegri hugsun. Æ oftast er leitað til listamanna um verkefni sem útheimta óvenjulega nálgun eða uppbrot á viðteknum vinnubrögðum. Mörkin á milli listgreinanna verða óljósari með hverju árinu. Á öllum sviðum atvinnulífsins eru störf fólks að verða sérhæfðari – og flakk listamanna á milli listgreina má skoða sem andóf við sérhæfingunni. Auk þess eru listamenn úr ólíkum greinum vanir að vinna saman og tengingarnar milli sérsviðanna fara einfaldlega eftir verkefninu sem fyrir liggur. Þegar tveir hæfileikaríkir listamenn koma saman til að vinna ákveðið verkefni, verður til ný sköpun. Hver hún verður er vandi að spá um, ekki síst á vorum tímum, þegar allt má í listum. Það er eins líklegt að niðurstaðan komi á óvart!

Ágúst Guðmundsson – Forseti Bandalags Íslenskra Listamanna.

30.júní 2009

F.H. starfshóps verkefnisins

*Irma Gunnarsdóttir
verkefnisstjóri Litrófs listanna*